




ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

Nr. 28 — September 1984





Útgefandi: ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN
félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku,
pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun 3ja hvers mánaðar. Efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 1. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon
s. 77753
Gjaldkeri: Magnús Guðmundsson
s. 26357
Ritari: Guttormur B. Þórarinnsson
s. 20466
Varaformaður: Torfi Hjaltason
s. 611204
Meðstjórn: Hermann Valsson s. 78485
Jón Geirsson s. 42133.

Ferðanefnd: Guðjón Ó. Magnússon
Pétur Ásbjörnsson
s. 37595
Jón Geirsson.

Skálanefnd: Guttormur B. Þórarinnsson
form.
Guðjón Ó. Magnússon
Jón Geirsson
Jón H. Ólafsson s. 25361
Jón Rafnsson s. 75311

Ritnefnd: Þorsteinn Guðjónsson ábm.
s. 32666
Salbjörg Óskarsdóttir
s. 37826
Margrét Júlíusdóttir
s. 34667
Hermann Valsson
Anna Guðrún Lindal s. 26357

Fræðslunefnd: Torfi Hjaltason
Helgi Benediktsson
Arnór Guðbjartsson

Bókavörður: Halldór Guðmundsson
s. 686090

Efnisyfirlit:

Frá stjórninni	bls.	3
Félagsstarf	—	4
Ársskýrsla	—	8
Endurnýjun er nauðsyn- leg	—	11
Enn ein skiðagönguferð þvert yfir landið	—	12
Myndaopnan	—	16
Fréttapistill	—	18
Skíðaskór	—	19
Nýnefni	—	20
Tæknihornið	—	20
Skarðshorn	—	22
Næsta skref	—	26
„Komdu og skoðaðu Kist- una“	—	27
Endurreisn Bratta	—	28
Pósturinn	—	30

Forsíðumyndin:
Ísfossaklifur. Ljós. Jón Geirs.

Leiðréttingar

Í síðasta blaði voru nokkrar villur:

Bls. 9. Myndin er ekki af Snók heldur
Snæfelli (sem um er rætt í greininni).
Bls. 12. Myndin er af Hrútsfjöllum.
Bls. 22–23. Nokkrar myndir í þeirri
grein eru ófugar, ennfremur er Einar
Steingrímsson ekki Vilhjálmsson eins
og gefur auga leið.

Útlitshögun og filmuvinna:
REPRO – Valgeir J. Emilsson.
Setning og offsetprentun:
FORMPRENT

Frá stjórninni

Á síðastliðnu hausti stóð klúbburinn fyrir endurbyggingu á Bratta. Voru farnar 3 vinnuferðir og skálinn þá gerður fokheldur og um leið nothæfur. Næsta verkefni klúbbsins verður því að ganga frá honum og er á áætlun að ljúka framkvæmdum í vor og sumar. Eins og mönnum er kunnugt sem staðið hafa í byggingarframkvæmdum þá er heilmikið eftir, þegar hús er orðið fokhelt. Við gerum okkur þó góðar vonir um að verkinu verði lokið eftir nokkrar vinnuferðir á næstunni. Öllum félagsmönnum og öðrum áhugamönnum um fjallamennsku er leyfilegt að gista í skálanum, en til að forðast árekstra er betra að hafa samband við formann skálanefndar (Guttorm í síma 20644) eða formann klúbbsins til að athuga hvort skálinn er upptekinn. Eitt viljum við benda þeim á sem hug hafa á að gista í Bratta; varist að leggja upp í skálann eða Botnssúlur í tvísýnu veðri. Okkar reynsla er að Botnssúlur eru eitt mesta veðravíti á landinu og fjöldi félagsmanna hafa hreppt hið mesta illviðri sem þeir muna eftir á þessu svæði.

Af næstu framkvæmdum eða verkefnum klúbbsins má nefna áhuga okkar á að byggja upp korta- og bókasafn og koma á skráningu á öllum klifurleiðum á landinu. Við höfum hugmyndir um að safna kortum 1:50.000 af öllu landinu og 1:100.000 af helstu fjallasvæðum landsins. Einnig viljum við efla bókasafnið en fáar bækur hafa bæst í safnið síðustu árin. Bágbornum fjárhag klúbbsins má kenna um að einhverju leyti, en við vonumst til að bæta úr ástandinu á þessu ári. Eins viljum við safna kortum aferlendum fjallasvæðum og viljum við biðja félaga um að kaupa fyrir okkur viðeigandi kort þegar þeir eru á ferð um erlend fjallasvæði. Hvað skráningu klifurleiða viðvikur er hugmyndin að skrá í máli og myndum, allar klifurleiðir sem farnar hafa verið hér á Íslandi. Hér er ætlunin að skrá m. a. lengd leiðarinnar með stuttri lýsingu, gráðu, hvenær leiðin var fyrst farin og afhverjum. Snævarr Guðmundsson (s. 685070) ætlar að taka að sér verkið og koma upplýsingum fyrir í möppu sem geymd verður í bókasafni klúbbsins. Þeir sem lúra á upplýsingum um farnar klifurleiðir (snjó, ís eða klettaleiðir) skulu hafa samband við Snævarr.

Að endingu vil ég benda á ferðir klúbbsins bæði innan- og utanlands í sumar svo og námskeiðin sem haldin verða á næstunni.

Guðjón Ó. Magnússon.

Félagsstarf



Snævarr og Guðjón, leiðbeinendur. Ljósma.: Salbjörg Óskarsdóttir.

Vetrarfjallamennskunámskeið 18.–19. febr.

Lagt var af stað frá Grensásvegi kl. 9,00, laugardaginn 18. febr. og var ferðinni heitið í Gunnlaugsskarði í Esjunni.

Þegar bílarnir komu að Mógilsá var veður nokkuð gott, logn en gekk á með eljum. Gengið var upp með Mógilsá og í um 400 m hæð undir Kistufellshorni, var stansað og ákveðið að grafa snjöhús. Eftir 4ra tíma erfiðisvinnu var búið að grafa tvö samtengd snjöhús með svefnpláss fyrir 11 manns. Síðdegis var skipt í hópa og tekið til við hinar ýmsu æfingar í snjó með og án ísaxa.

Á sunnudeginum var veður bjart og gott. Þá voru æfðar tryggingar, brodda-meðferð og klifraðar léttar snjóklifurleiðir í Kistufellinu og Gunnlaugsskarði.

Um fjögurleytið var tekið saman og

síðan röltu menn léttir í spori niður að bílnum.

Þátttakendur voru 9 og leiðbeinendur voru þeir Guðjón Ó. Magnússon og Snævarr Guðmundsson. GÓM

Glögg

Jólaglögg var haldin á vegum klúbbsins þann 18. des. Anna Gunna og Lára mixuðu ágætis mjöð, sem síðan var drukkin við kertaljos ásamt framreiddu slíkkirri.

Það voru sagðar sögur og vakti það mikla athygli hversu garpskapur manna jókst er á kvöldið leið. Menn enduðu í sjöttu gráðunni og svo var farið heim að sofa.

Snjöhússferðin helgina 3.–4. mars

Ein nýjung var auglýst í síðustu ferða-áætlun ÍSALP. Var það „sérstök snjöhúsaferð, fyrir þá sem vilja prófa eitt-hvað „nýtt“ eða ferðast létt og sofa úti.“

Þátttakan varð að takmarkast við þrjá og var hart barist um þessi þrjú sæti. Sátu margir eftir með sárt ennið og hugsa eflaust gott til næstu snjöhúsaferðar.

Ætlunin var að fara af stað í býtið á laugardagsmorgninum. En á föstudagskvöldið gerði leiðinda veður og spillti færð. Þess vegna var brottförinni frá Reykjavík frestað fram yfir hádegi. Klukkan hálf tvö mættum við á Umferðarmiðstöðinni og gripum þar rútu á leið til Hvolsvallar. Ökuþóririnn var öðlingsmaður og hleypti hann okkur út á Hellisheiðinni. Þar stigum við á fjallirnar og brunuðum af stað í leit að hentugri byggingarlóð. Góður skafl fannst í dalverpi nokkru, þaðan sem útsýni var fagurt.

Fyrsta skóflustungan var tekin með viðhöfn og síðan var mokað af miklu kappi. Þykk harðfennishella tafði mjög fyrir mokstrinum, en að lokinni hálfrar sjöttu stundar vinnu var smiðshöggvið rekið. Húsið var vígt með formlegri athöfn og voru veitingar bornar fram í anddyri.

Morguninn eftir var lítt fýsilegt skiðagönguveður, rok og skafrenningur. Um hádegi lögði og fórum við þá á fætur. Við tókum léttar skiðæfingar, brugðum okkur í skiðaballet og æfðum þá skemmtilegu list, að detta. Dagurinn flaug að kveldi og komumst við þá heim í heiðardalinn í fylgd Ferðafélagsins.

Sigrún Hallgrímsdóttir.

Helga Einarsdóttir.

Salbjörg Óskarsdóttir.



50. skóflustungan. Ljósma. Helga Einarsd.

Árshátíð 17. mars

Árshátíð var haldin í húsakynnum klúbbsins laugardagskvöld eitt í marsmánuði. Góðmennt var í þessu gilli, og skemmtu menn sér að gömlum séríslenskum sið.

Knallið stóð fram undir morgun, en um nákvæmar tímasetningar er ekki að ræða.

Skessuhornsferð 24. mars

Mjög góð þátttaka var í Skessuhornsferð klúbbsins. Tæplega 20 manns mættu til leiks í blíðskapar veðri.

Farin var hryggjarleiðin, og gekk uppáferðin á hornin með ágætum. Einn sérlandaður (Jón Geirs), einför (sólóaði) NV-vegginn.

Færi var ágætt svo og fararstjörn, sem var í höndum hinna reyndari meðlima klúbbsins. Ástæðan fyrir því var sú, að sjálffengin skriðsfararstjörn bilaði á leiðinni.

Allt fór samt vel, og fjallið sýndi góðar undirtektir.

P. G.

Páskaferð ÍSALP '84

Tekinn var aftur upp sá siður, hjá klúbbum, að fara í ferð um páska.

Fyrir valinu urðu Sveinstindar í austanverðum Öræfajökli. Tindar þessir eru mjög fáfarnir, og fara reyndar engar sögur af uppgöngum á tindana eftir Hrutárjökli, sem fellur frá þeim til suðurs. En ætlunin var einmitt að fara upp þennan skriðjökul.

Þátttakendur, sem voru sex manns, lögðu af stað úr bænum á skírdag. Ekki blés byrlega fyrir leiðangursmenn þennan fyrsta dag, því þegar í sveitina var komið, slyddaði alveg niður undir sjávarmál.

Föstudagurinn langi bauð heldur ekki upp á neitt blíðskaparviðri, svo aðeins var rölt uppá hnúka og verðandi leið könnuð.

Laugardagurinn gaf góð fyrirheit um

veður. Enda var lagt í ann árla morguns. Smá vandræði voru með að finna leið gegnum sprungusvæði jökulsins. Þegar leið á daginn versnaði veður mjög og tók að elja. Var þá snúið við, enda virtist leiðin upp á topp nokkuð vandfarin. Niðurferðin gekk með ágætum, þó færi væri slæmt fyrir skíðin.

Ekki var meira aðhafst þarna í Öræfum en vissulega er margt áhugavert þarna í austanverðum Öræfajökli.

Fararstjóri var Magnús Guðmundsson.

Botnssúlur

Þriðjudaginn 1. maí var farin „kröfuganga“ upp í Botnssúlur. Var farið fram á að skálanefnd lyki við „Bratta“ hið fyrsta. Þar sem meirihluti nefndarmanna tóku þátt í ferðinni voru kjörorð dagsins samþykkt einróma. Önnur markmið ferðarinnar voru snjóklifur og skíðamennska. Skiptist hópurinn strax niður í 3 hópa, einn hópur kleif Þrengslin, annar fór á fjallaskíðum upp á Syðstusúlu og sá þriðji fór um svæðið á gönguskiðum. Færi og veður var hið ákjósanlegasta og voru allir ánægðir með ferðina. Þátttakendur voru 6 og fararstjóri Guðjón Ó. Magnússon.

GÓM



Ísfossaklifur. Ljós. Jón Geirsson.

Ársskýrsla Stjórnar ÍSALP 1983

Árið 1983 var sjöunda starfsár ÍSALP og má segja að meira hafi reynt á þórlifin en áður. Er hér átt við skálamálín en sú saga mun flestum kunn.

Í mars síðastliðnum var skálinn Bratti loksins fluttur upp í Botnssúlur. Þessi ferð er líklega mesta framkvæmd sem Alpklúbburinn hefur staðið fyrir. Þarna var ein jarðýta, fimm snjóbílar, vélsleðar og 35–40 manna lið, um 20 frá ÍSALP en flestir hinna úr björgunar-sveitinni Ingólfi, en segja má að þeir með sinn tækjakost hafi borið hitann og þungan af flutningunum. Skálinn var aðeins festur til Þráðabirgða, sem aldrei hefði átt að gera, því í lok apríl fauk hann í miklu NA-bálviðri og ger-eyðilagðist. Þetta var mikið áfall, en menn voru sammála að ekki mætti gefast upp við svo búið. Beðið var átekta yfir sumarið en í lok ágúst var ákveðið að reisa nýjan skála á grunni þess gamla. Timbur var fengið út á krít í Timburverslun Árna Jónssonar og skálinn gerður foheldur svo öruggt væri í þremur ferðum í október. Í þessum ferðum tóku þátt að jafnaði 10 manns en smíðinni stjórnaði Guttormur Þórarinsson auk þess sem hann teiknaði þennan nýja skála. Nýi skálinn er um 20 m² að flatarmáli og er helsti munur á honum, og þeim fokna, að þessi er með flatara þaki og ekki með svefnlofti yfir anddyri. Engir peningar voru fyrir

þessum framkvæmdum en nokkurri upphæð hefur verið safnað meðal féláganna en auk þess sýndi Ferðafélagið þann höfðingsskap að styrkja okkur einnig við þessa skálasmiði og fengum við þar 60.000 kr. styrk. Kostnaður er nú kominn í um 110.000 en endanlegur kostnaður verður a. m. k. 150.000 kr. Þegar allt verður komið. Útistandandi skuldir eru um 15.000 kr., og verður líklega enn leitað til féláganna við að brúa það sem eftir er.

Á árinu komu út 2 blöð og það þriðja var unnið á árinu en kom út nú eftir áramótin. Árið 1982 kom lægð í blaða-útgáfuna og stöðu vonir til að tækist að vinna blaðið upp úr lægðinni á árinu. Ekki er hægt að segja að það hafi tekist alveg, 3 eða 4 blöð á ári væri hæfilegt. Enn vantar menn í ritnefnd, en hana skipa nú bara tveir menn og hafa þeir unnið mjög gott starf, því ótrúlega mikil vinna liggur í því að koma út hverju tölublaði. Fréttabréf kom út fimm sinnum á árinu með dagskrá og tilkynningar sem uppistöðu.

Nú um áramót voru skráðir 290 félagar í klúbbnum. Þar af höfðu aðeins 189 borgað árgjöld fyrir 1983. Skráðum félögum hefur fækkað um 15 og 14 færri hafð borgað árgjald heldur en á sama tíma í fyrra. Það eru ekki góð tíðindi þegar fækkar í klúbbnum en á

það má benda að talan 290 segir ekki til um raunverulega félagatölu. Raunveruleg félagatala er á bilinu 240–260 en það er sa fjöldi sem borgar árgjöld á ári hverju og hefur þessi tala verið svipuð nú síðustu árin. Samt sem áður eru þetta verri heimtur en í fyrra og má vera að bagur fjarhagur almennt hafi þar sitt að segja.

Árshátíðin var haldin í mars. Er þetta í annað sinn sem árshátíð er haldin og þó í hvorugt skiptið hafi tekist að auglýsa hana í fréttabréfinu hefur ágætlega til tekist og þátttaka góð.

Lítið gerðist í málum bókasafnsins á árinu, þó voru nokkrar bækur keyptar. Bækur voru lánaðar úr safninu allt árið og virðist það gefa góða raun. Brýnt er að bæta við hillum fyrir bækur og tímarit, en hillurnar sem við eigum núna eru orðnar allt of litlar.

Myndasýningar og félagsfundir urðu fjórir á árinu. Í janúar sýndu Helgi Benediktsson og Ari Trausti Guðmundsson myndir frá alpaferðum sumarið 1982. Í september voru á dagskrá fjórar kvikmyndir úr Everest-leið-öngurum og var sú sýning á Grensásveg-inum. Tvær sýningar voru svo í haust á Hótel Hofi. Á fyrri sýningunni sýndi Birgir Jóhannesson myndir úr Noregsferð auk þess sem starf og ferðir ÍSALP var kynnt. Á seinni sýningunni sýndi Ævar Aðalsteinsson myndir úr alpaferð síðastliðni sumar og Pétur Ásbjörnsson myndir frá Noregi og Svíþjóð. Aðsókn var nokkuð misjöfn, 30–60 manns á sýningu. Í gestabókina á Grensásveg-inum var kvittað um 700 sinnum á árinu sem er svipuð tala og í fyrra. Eru menn hvattir til að skrifa þar nöfn sín við hin ýmsu tækifæri. Opin hús voru eins og venjulega á miðvikudagskvöldum og voru þau ágætlega sótt.

Almennar ferðir voru 12 með 125

þátttakendum og er það einni ferð færri en í fyrra og þátttakendur 15 færri. Sumarið var mjög rýrt og vætusamt og varð því minna úr ferðum af þeim sökum og útkoman því viðunandi. Vinnuferðirnar eru hins vegar mun stærri huti þessara ferða en áður, en þær eru: 4 ferðir í Botnssúlur og ein í Tindfjöll. Efsti skálinn í Tindfjöllum var í okkar umsjón eins og undanfarin ár. Ferðanefnd hafði umsjón með ferð-unum.

Námskeið urðu 4 á árinu. Vetrar-fjallamennskunámskeið í febrúar, klettaklifurnámskeið í maí, ísklifurnámskeið í september og rötunarnámskeið í nóvember. Í námskeiðum tóku þátt samtals 55 manns og er það meira en helmingi færri en í fyrra. Sjálfsagt hefur veðrið spilað inn í en mestu hefur sjálfsagt ráðið að árið 1982 voru haldin 3 ísklifurnámskeið með mikilli þátttöku og er ekki hægt að búast við svo mikilli þátttöku ár eftir ár. Endurnýjunin er bara ekki það hröð.

Stjórnarfundir urðu 9 á árinu og voru að jafnaði mánaðarlega nema hvað hlé varð yfir sumartímann en þá voru margir stjórnarmanna að mestu utan-bæjar eða utanlands. Stjórnina skipuðu: Guðjón Ó. Magnússon, formaður; Torfi Hjaltason, varaformaður; Halldór Guðmundsson, gjaldkeri; Magnús Guðmundsson, ritari; Róbert L. Tómasson, spjaldskrárritari og Vilborg Hannesdóttir, meðstjórnandi, en hún sagði stöðu sinni lausri í haust þar sem hun hefði ekki tíma til að sinna stjórnar-starfinu sem skyldi vegna anna.

Margir hafa lagt hönd á plóginn við hið margháttaða starf sem klúbburinn byggir tilveru sína á. Við skulum vona að svo verði áfram og vill stjórnin færa þeim þakklæti fyrir sinn skerf.

Stjórn ÍSALP.

ÁRSREIKNINGUR 1983

GJÓLD:

Útgáfukostn.	Kr.	20.099,00
Bækur og blöð	—	1.907,10
Húsaleiga, rafmagn og fleira	—	24.861,65
Burðargjöld	—	4.828,00
Auglýsingar	—	5.166,00
Giróseðlar + útprentun	—	3.695,00
Viðhald Tindfjallaskála	—	3.789,00
Sælgætissala	—	117,95
Ymislegt	—	6.048,75

TEKJUR:

Félagsgjöld:

1981	3 × 130	Kr.	390,00
1982	31 × 200	—	6.200,00
1983	189 × 350	—	66.150,00

72.740,00

Seld blöð	Kr.	3.828,00
Auglýsingatekjur	—	5.500,00
Tekjur af Tindfjallaskála	—	3.500,00
Tekjur af myndasýningu	—	2.330,00
Seld merki (2050–836)	—	1.214,00
Framlög til skálabyggingar	—	23.239,55
Aðrar tekjur	—	1.835,00
Vextir af ávisanareikningi	—	2.355,14
Tekjur umfram gjöld	—	46.029,24

Samtölur Kr. 116.541,69 116.541,69

EIGNIR:

Ávisanareikningur nr. 1371 L. I.	Kr.	7.027,26
Sparisjóðsreikningur í L. I.	—	4.000,00
Bratti I 1/1 '83	Kr.	20.273,35
„ I	—	18.291,50
„ II	—	31.003,62

Sjúkrabörur	Kr.	69.568,47
Sýningarborð	—	418,75
Sýningartjald	—	168,00
Kommóða	—	373,00
Sófi	—	148,00
Sófi	—	1.000,00
Bókasafn	—	1.058,14

SKULDIR:

Höfuðstóll 1/1 '83	Kr.	37.732,38
Tekjur umfram gjöld	—	46.029,24

Samtölur Kr. 83.761,62 83.761,62

Hef yfirfarið reikninga og sé enga ástæðu til athugasemda.

Rvík, 6/2 '84

Erling B. Thoroddsen.

Endurnýjun er nauðsynleg

Þegar Fjallamenn voru lagðir niður eftir blómlega starfsemi var það vegna litillar endurnýjunar. Þ. e. a. s. ekki tókst að fá unga menn og konur til að koma til liðs við fjallamenn. Starfsemi þeirra hafði verið með eindæmum blómleg. Þeir héldu námskeið með færum leiðbeinendum, innlendum og erlendum. Þeir reistu fjallaskála, bæði í Tindfjöllum og á Fimmvörðuhálsi. Gáfu þeir út árbók Ferðafélagsins um Suðurjökla. Og svo má lengi telja. Hver var síðan þróunin? Gat hún kannski verið eitthvað á þessa leið: Nokkrir áhugamenn um fjallamennsku sem smituðu út frá sér stofnuðu samtök til að stunda áhugamál sín. Í krafti fjöldans gátu þeir framkvæmt alla þessa hluti. Öllum félagskap er endurnýjun nauðsynleg, annars deyr félagskapurinn út, hratt eða hægt ef ekki er hugsað um endurnýjun félagsmanna.

Fjallamenn ugðu kannski ekki að sér og árin liðu. Félagskapurinn var lagður niður um árið 1960. Kannski hugði forystuhópurinn ekki nægjanlega að öflun

nýrra félagsmanna. Þar á meðal má nefna námskeiðahald og fjölda athyglisverðra ferða. En við verðum samt að gera betur. Það sem við ættum að leggja meiri áherslu á, er að kynna félagsskap okkar meira út á við. Með því getum við tryggt nauðsynlega endurnýjun félagsmanna.

Hvernig og hvar eigum við að standa að aukinni kynningu? Við ættum að hafa samband við nemendafélög framhaldsskólanna í Reykjavík og bjóða þeim kynningu á félagsskapnum. Einnig að útbúa kynningarveggspjöld með upplýsingum um félagsskapinn, t. d. hvar við erum til húsa og hvenær við höldum fundi og aðrar þær upplýsingar sem máli skipta.

Með kynningu af þessu tagi má gulltryggja framtíð Alpaklúbbsins. Þannig að hann lifi ekki og deyi með fáeinum áhugasömum mönnum, heldur verði félagskapur þar sem eðlileg endurnýjun á sér stað.

Hermann Valsson.



ÍSALP merkin

**fást í Skátabúðinni
og á Grensásveginum**

Þau kosta 100 kr.

Enn ein skíðagönguferð þvert yfir landið

Dagana 16.–21. apríl fórum við 4 félagar, Gutti, Óli, Þór og svo undirritaður í „hefðbundna“ páskaferð. Á þessu ári var ákveðið að ganga á skíðum fremst úr Eyjafirðinum og suður á Sultartanga, suður og austur með Hofsjökli, alls um 200 km. Hér á eftir koma nokkrir punktar úr þessari ferð.

„Ég vona bara að við fáum ekki krapa,“ sagði ég eitt kvöld þegar við vorum að undirbúa ferð okkar. „Já, það liggur við að maður myndi hætta við ef

spáð yrði hlýindum um páska vikuna, enda sumarpáskar á ferðinni,“ kemur svar frá Þór, enda höfum við báðir reynslu af að ganga yfir hálf tálendið í

Útbúnaðurinn þegar öllu hafði verið pakkað niður var um 30–35 kg á mann og skiptum við þyngdinni þannig að tæpur helmingur var á plast dráttarþotu, en afganginn bárum við á bakinu. Gutti er hér að sækja nesti dagsins. Tungnafellsjökull í baksýn. Ljósmynd: Guðjón Ó. M., apríl 1984



krapa. Ekki þurftum við að hafa áhyggjur af krapanum í þessari ferð, því hiti fór aldrei yfir frostmark. Þar að auki var ekki hægt að kvarta yfir veðri né færi. Veður var tiltölulega gott, a. m. k. miðað við veður vetrarins, sem olli því að útilægur voru í skammarlegu lágmarki. Færi var hið besta sem við höfum fengið í hálendisferð um páska, frá því við byrjuðum þessar ferðir yfir hálendið 1976; alltaf nýr snjór ofan á hörðu, og svo mikill að á stórum svæðum sást hvergi í dökkan dil. Til marks um snjómagnið fórum við tvisvar yfir Þjorsá, einu sinni í Þjorsárverum og

Övenjumikill snjór var á hálendi í vetur, og heppilegasti ferðamatinn því gönguskiðin. Að okkar mati eru hreistur skiðin heppilegust í hálendisferðum, því færi er mjög breytilegt og skiðataktaktin skiptir minna máli, heldur gott grip eða „fart“. Ljósmynd: Guðjón Ó. M., apríl 1984



aftur einhvers staðar fyrir neðan Sól-eyjarhöfðavað, en enginn af okkur getur fullyrt hvenær við förum yfir hana.

Af öðrum minnisstæðum atburðum í ferðinni, get ég nefnt atriði þegar Óli spurði okkur, þar sem við lágum í lauginni við Laugafell í skafrenningi með tveggja metra háum snjóhengjum hangandi yfir okkur þar sem við lágum og hvildum lúin bein og vöðva, „hvað mynduð þið gera ef öll fötin okkar og skalinn fyki út í veður og vind?“ „Bið þangað til einhver bíll kæmi,“ kom svarið, en nokkrum dögum seinna áttum við nefnilega von á ökuglöðum jeppaahugamönnum sem voru á leið norður fyrir Hofsjökul. „Ekki er einu sinni friður fyrir bílaumferð um páska nú orðið“, bætti Gutti við. Þrátt fyrir þessar vangaveltur þurftum við ekki á þessum bílum að halda. Fötin og skalinn voru á sínum stað þegar við stigum upp úr lauginni, en haft var þó eftir fjórða



manni að við hefðum líklega sett heims-
met í 40 m hlaupi milli laugarinnar og
skálans.

Ein á var opin á leið okkar yfir landið,
Hreysiskvísl og urðum við að vaða
hana. Við fundum stað þar sem við
töldum vera gott vað á henni, fórum úr
skíðaskóm og sokkum, settum skíðin í
bakpokann og lyftum þotunum og óðum
yfir. Þegar við komum að hinum bakk-
anum var íshengja í rúmlega mittishæð
og urðum við að klifra upp. „Eins gott
að við erum í alpaklúbbnum!“ sagði ég
en þá hló Gutti allt í einu og spurði:

„Hver skildi eftir stafina sína?“ og
benti á bakkann hinu megin við ána.
Við litum allir upp skelfingulostnir við
tilhugsunina um að vaða þessa ísköldu
og grýttu á enn einu sinni. Þór var sá
óheppni en hann átti þann heiður sagði
Óli, „að hafa vaðið Hreysiskvísl jafn
oft og við 3 til samans.

Margt fleira gerðist í ferðinni og vel
hægt að bæta meiru við, en ég ætla
samt að láta þessar linur nægja að sinni.


Guðjón Ó. Magnússon.

berghaus

**Bakpokar
og
klifurvörur
í úrvali**

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ
SÍMAR: 30350 OG 82922



Skarða-tindur, Þaskar '84.



Ljósni. Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson.

Fréttapistill

Hreinn Magnússon og Olgeir Sigmarsson fóru á Hraundranga um páskana. Fóru þeir eftir töluvert annarri leið en venjulega er farin. Það er, klifrið fór fram að mestu leyti Öxnadalsmegin á drangnum.

Snævarr Guðmundsson og Björgvin Ríkharðsson klifu Skarðshorn í Skarðsheiðinni sl. september. Var þar um að ræða klifur, sem telst a. m. k. V-gráðu (sjá nánar grein í þessu blaði).

Ólafur Baldursson, Jón Geirsson, Guðmundur Guðbjörnsson og Ævar Aðalsteinsson fóru á fjallamennskunámskeið í Austurríki. Eftir að því var lokið hugðust þeir skreppa á nokkra tinda.

Fyrst var för þeirra heitið til Berrese-Alpanna þar sem Mitteleihryggurinn á Eiger átti að verða fyrir barðinu á þeim, en veður hamlaði því.

Þá var haldið til Zerrmatt þar sem þeir ætluðu að reyna að komast á hið tígulega fjall, Weisshorn. Klifrið á Weisshorn (Gráða PD) gekk með ágætum og komust þeir félagar allir upp. Að síðustu lögðu þeir félagar leið sína á Mont Blanc eftir Gouter-leiðinni.

Jón Geirsson dvaldist lengur á Mont Blanc-svæðinu eftir að hinir héldu heim. Þar reyndi hann í fyrstu að klifa Chardonnet, eftir hrygg gráðuðum D. Var næstum kominn upp á topp þegar hann lenti í þrumuveðri og varð að snúa við. Jón, sem kleif sóló, varð að biða á syllu í 6 tíma áður en hann lagði af stað niður. Einnig fór Jón á Aiguilles du Plun

eftir hrygg frá du Midi. Að síðustu þá skrapp hann á Tour Ronte, og þann sama dag stutta kletta leið upp á du Midi.

Snemma í ágúst lögðu Anna Lára Friðriksdóttir, Torfi Hjaltason og Þorsteinn Guðjónsson för sína niður í Alpa ásamt Guðmundi Péturssyni sem kom litlu seinna.

Þau dvöldust allan tímann í Mekka fjallgöngumanna, Camonix í Mont Blanc-fjallgarðinum.

Tímanum var meðal annars eytt í að klifra fjöll. Farið var á norðurvegg Tour Ronde, 350 m -D gráðu ísbrekku. Mont DBlane du Takúl (4200 m). Torfi og Þorsteinn fóru Frendo Spur, D+ leið og bivökkuðu þeir á leiðinni. Anna Lára og Guðmundur fóru á sama tíma eftir hrygg á milli Aiguilles Du Midi og Aiguilles du Plans.

Að síðustu gerðu þau tilraun við Brenva-hrygginn á Mont Blanc sem mistókst sökum veðurs.

Önnu Láru, Torfa og Þorsteini tókst þó að fara þessa leið í annarri tilraun. Og má með sanni segja að þessi leið er stórskemmtileg og nánast ævintýraleg í lokin. Þar sem endirinn felst í því að klifra upp í jökulsprungu og síðan ganga upp úr henni og upp á Mont Blanc.

Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson reyndu við nýja stórglæsilega leið á Skarðatind (í Öræfum), um páskana. Tókst þeim ekki að komast upp, en áttu u. þ. b. 70 m eftir á toppinn. Leið þessi á Skarðatind er á austurveggnum og er u. þ. b. 600 m há. (Sjá myndaopnu).

Skíða-skór



Sú krafa sem gerð er til skíðaskónna, er að þeir séu „vatnsþéttir“, hvort sem gengið er í snjó eða krpa, þó mega þeir ekki vera svo þéttir sem gúmmiskór þannig að maður verði rakur og kaldur af þeim sökum.

Leðrið á að halda bleytu frá að utanverðu og um leið að anda og hleypa raka frá fótunum út. Þarna er kannski til full mikils ætlast en leður og skinn er þannig efni að það leysir þennan vanda, en það verður að vera vel sútað og gagnvarið og njóta góðrar umhirðu.

Áður fyrr voru randsaumaðir og þess háttar skór smíðaðir úr „vegatábilisk“ sútuðu leðri, sem þarfnadist mikillar feiti til að haldast mjúkt. Þannig leður er ekki lengur notað, þess í stað er komið króm eða kombanisjon sútað leður sem helst mjúkt án mikillar feiti. Áburður, er þótti hæfa þessu gamla yfirleðri, getur jafnvel verið skaðlegur því yfirleðri sem nú er notað.

Mælt er með góðum vax skóáburði á króm og kombanisjon sútað leður. Séu skórnir burstaðir vandlega fyrir hvert skipti sem þeir eru notaðir, nægir það allri almennri notkun á skíðaskóm. Skóna þarf að hreinsa eftir notkun og gera sér það að reglu að bursta þá kvöldið áður en þeir eru notaðir.

Hafi skórnir blotnað mikið og slitnað er nauðsynlegt að gagnverja þá aftur.

Nota skal áburð sem inniheldur vax og dýrafeiti. Áburðinn þarf að bera vel og vandlega á, ekki bara klína honum á. Yfirleðrið á ekki að verða feitara en svo að hægt sé að þússa skóna glansandi gljáandi með venjulegum áburði.

Glansandi skór hrinda betur frá sér vatni en mattir. Gæta verður þess að allir saumar séu vel þéttir, sérstaklega við sólann. Á þá má aðeins setja skíða-áburð til dæmis.

Skíðaskó á aðeins að nota í skíðaferðir.

Büvell inniheldur: ullarfitu, fitu unna úr fiskum, vax af blöðum brasilískra pálma og white spritt.

Þýtt úr norsku,
Guttormur.

Nýnefni

Í Skarðsheiði sunnanverðri gengur niður kambur, er að austan afmarkar dalinn sem gengur niður af Heiðarhorni (1053 m). Kambur þessi heitir Skarðskambur og nær alla leið upp á háhrygg Skarðsheiðar þar sem hann myndar tind, mitt á milli Heiðarhornsins og Skessuhorns (967 m). Tindurinn sem er eitthvað yfir 1.000 m fellur svo bratt niður að norðan og myndar háan vegg sem er einn af þremur áberandi norður veggjum Skarðsheiðar.

Enn sem komið er, virðist enginn vita nánari deili á nafni þessa litt áberandi tinds sunnan frá sæð, en hrikalega horns úr norðri. Verið getur að hann heiti bara Skarðskambur og þá myndi veggurinn kallast N-hlið Skarðskambs.

Mín hugmynd er þó sú að gefa honum nafn sem greini hann vel frá Skarðskambi, en passi vel við landslagið í kring. Hugmyndin er að gefa honum nafnið Skarðshorn þar sem egginn fellur norður af. Að mínu áliti gæti nafnið gengið vel með Skessuhorni og Heiðarhorni, þekktustu tindum Skarðsheiðar, og einnig sem hæsti tindur Skarðskambs.

Málið er að ef einhverjir vissu um nafn hæsta punktsins eða gætu grennslast fyrir um það, væri vel þegið að fá upplýsingar um það. Einnig ef einhverjir andmæla nafngiftinni. Ef tindurinn hefur þegar fast nafn myndi hugmyndin að sjálfsögðu falla frá.

Upplýsingum er hægt að koma áleiðis til ritnefndar eða í síma 685070, Snævarr. Ef allir samþykkja fær hann annars nafnið.

Snævarr Guðmundsson.

Tæknihornið II

Tækninefnd ÍSALP fékk sent fréttabréf frá Ständiger Ausschluja der Knoten komite DAG (eða framkvæmdanefnd hnútanefndar þýska alpafélagsins). Þar í eru fréttir af nýjum hnúti til notkunar við hvers konar klifurferðir. Reyndar er hnúturinn gamallþekktur norðan Alpafjalla en hefur þó verið notaður sjaldnar en áður, sérstaklega á nýjum tegundum skíðaskóla. Í bréfinu segir: „Er fyrst hnýttur venjulegur þverhnútur og síðan tekin upp lykkja með fingrum hægri handar og haldið með vísifingri og þumli vinstri handar. Með vísifingri hægri handar er bognum

enda smeygt undir lykkjuna og henni nú sleppt en gripið snögg um nýju lykkjuna með þumli og vísifingri vinstri handar. Jafnskjött er gripið um fyrri lykkjuna með vísifingri og þumli hægri handar. Nú er togað í. Er þá hnúturinn tilbúinn.“

Ekki tókst tækninefndinni að fá góða þýðingu á þýska orðinu: **Schuhschnür-enschleife**, en fékk uppgefið hjá Orðabók Háskólans að til muni dönskuslettan sluffa sem notuð hafi verið yfir svona hnút á heldri manna skóm á svæðinu frá Búðareyri til Siglufjarðar á árunum kringum síðustu aldamót.

Tækninefnd sendir fél. ÍSALP skýringarmynd gegn 12 kr. gjaldi.

Tækninefnd.

OLYMPUS OLYMPUS OLYMPUS OM-1 ER NÚMER EITT OM-1



Létt og lítil fyrirferðar
Ómissandi ferðafélagi

GEVAFOTO



Goðabunga. Ljós. G.Ó.M.

Skarðshorn

Við erum komnir vestur fyrir Skessuhorn, þegar sólargeislarnir byrja að skína á efstu brúnir veggins og varpa gulleitri birtu á ísaða hamra.

Napur vindurinn kælir okkur skyndilega, það er eins og hann sé að aðvara okkur. Við setjumst á milli stórra steina og drögum upp peysur úr pokum okkar.

„Hvernig list þér á hann?“ spyr ég skjálfandi úr kulda.

„Ekki vel“, segir Björgvin.

Við Björgvin Richardsson höfðum lagt af stað úr bænum um fjögurleytið um morguninn þann 13. sept. 1983, í þeim ásetningi að klífa síðasta norður-vegginn í Skarðsheiði.

Þessi ónafngreindi veggur sem er á milli Skessuhorns og Heiðarhorns, var sá síðasti, af N-veggjunum þremur sem skera sig verulega frá umhverfinu, og enn var óklifinn. Hinir eru NV-veggur Skessuhorns sem fyrst var klifinn 1980, og NV-veggur Heiðarhorns sem fyrst var klifinn veturinn 1983, þá sólo af Jóni Geirssyni.

Átæðan að þessi var enn óklifinn er trúlega sú að hann liggur vel úr leið og er ekki eins þekktur og hinir tveir.

Eftir smá erfiðleika með staðsetningu ökutækis, vegna myrkurs, gengum við svo af stað upp heiðarnar undir Skessuhorni. Fljótlega komumst við að því að við vorum ekki á þeirri leið sem venjulega er gengin, er farið er á Skessuhornið. Kom það því þægilega á óvart að okkur fannst við vera mun fljótari að fara yfir, heldur en vanalega.

Klukkan er hálf níu. Við erum búnir að innbyrða nokkrar kekkur og lítið eitt af djús.

Séð héðan frá, finnst mér veggurinn gnæfa yfir, þar sem við sitjum undir skriðunum, sem fylgja víst flestum íslenskum fjöllum.

Aurrákir í snjósköflunum undir aðalveggnum, gefa til kynna að úr þessu hrynni, og að bergið sé laust í sér. En smáfiðringur í maga fær okkur til að standa upp og leggja af stað. Svo göngum við upp skriðurnar. Björgvin masar um aldur bergsins og tegundirnar sem mynda þennan kokkteil, sem fær heldur litlar undirtektir hjá mér, ekki síst þegar hann skriður um þetta rusl vegna einhverra steina sem eru svo óheppnir að vera í vegi hans. Hugsað ykkur ef þið hefðuð legið í árpúsundir á sama stað, og svo kemur einhver furðuskepna sem tekur ykkur upp, þuklar á ykkur, þusar um fegurð ykkar og þeytir ykkur svo



Skarðshorn. Ljós. Snævarr Guðm.

eitthvað út í buskann. Ekki sanngjörn meðferð. (Ætli'ann fari líka svona með ...?).

Loks komum við að snjóskaflinum. Þar sporar illa snjóinn sem er glerharður í morgunfrostinu. Tökum við því upp ísaxir og tökum til við að höggva spor. Við skiptumst á og hentar það ágætlega því ég er örvhentur, en Björgvin rétthentur. Fljótlega verður fyrir okkur klettabelti, sem sker sundur skaflinn ofarlega. Eftir að hafa sigrað það, fylgjum við til vinstri upp með jaðri skaflsins upp að meginveggnum. Á góðri snjósyllu sem hefur myndast á milli bergs og snævars förum við í línu og gerum okkur klára fyrir það sem í vændum er. Eftir smá fjas um kulda og rok, leggjum við í hann og kemur það í

minn hlut að leiða fyrsta kaflann. Klifrið er strax af 3. gr. í lausu bergi og ísköldu. Tveim beltum ofar er komið á syllu, og haldið vestur með henni uns komið er að bergsnaga, þar sem tryggt er um. Næstu tvær spannar eru í svipuðum dúr, nema kannski heldur erfiðari. Erum við þá komnir upp á rif sem gengur alla leið upp á topp.

Þegar Björgvin kemur svo þangað, spáum við í málin.

„Ekki list mér á það.“

„Það verður erfitt.“

„Það sýnist sprungulaust.“

„Hva, helv. sérðu vel.“

„Og verglas yfir öllu.“

„Til þess erum við með axir.“

„Þú sérð þetta betur er nær dregur.“

Stuttu síðar leggur Björgvin af stað

og leiðir fulla línulengd. Við fylgjum rifinu upp að höfuðveggnum og eftir því sem nær dregur honum verða syllurnar erfiðari og erfiðari vegna freða. Það lendir á mér að leiða síðustu spönnina að höfuðveggnum og undir honum á brattri syllu neyðist ég til að höggva spor í frosna mölina. Aðaltrygging verður afar slæm og óþægindi í maga segja mér, að hér sé betra að fara varlega. Það er engan veginn þægilegt að hanga á illa staðsettum fleygum í lausu bergi, sem helst saman í frosti og finna vegginn opinn (á ensku exposed). Eftir smá hróp um varúð kemur Böggi í ljós. Hann hliðrar eftir syllunni til mín, niður fyrir og svo út eftir henni til vesturs, fyrir horn og úr sjónmáli. Stuttu seinna gefur hann mér til kynna að ég geti komið þegar ég er til.

Á góðri syllu, förum við í brodda, og á milli þess að þræða ólarnar á broddunum, eða blása í hendurnar, mænum við með öfundaraugum á Skessuhornið, baðað í sól og yl.

Björgvin þykist sjá einhverja leið hér upp, en ég get ómögulega komið auga á hana og vil frekar fara vestar. Og ræður ekki sa freki alltaf!

Á broddunum gengur ferðin betur. Þykjumst við þess vissir að ef við hefðum farið fyrr á þá, hefði örugglega sparast klukkustund.

Á enda þessarar spannar giskum við

á að um 50 m skilji á milli okkar og tindins, baðaðan í ylhýrri sól. Nú er eins gott að reyna að vera fljótur í ferðum, þar sem skuggar eru farnir að teygja sig í austurátt, og tíminn að renna út.

Björgvin leiðir næstu spönn. Beint upp ísaða kletta klifrar hann á jafnvæginu einu saman og nær örmjörri syllu í miðjum höfuðveggnum. Áfram upp lóðrétt kletta og jafnerfitt klifur eftir gróf og þá horni, og við erum komnir upp úr aðalerfiðleikunum. Nokkuð sigurvissir höldum við eftir syllunni undir efsta beltinu, út fyrir horn. Þar er vænn steinn og langbráð solin, sem hefur hitað upp klettana.

Eitthvað vildi það vefjast fyrir okkur að ljúka við þennan síðasta klett, en að lokum tókst það.

Það voru þreyttir félagar sem sátu á tindinum þennan þriðjudagseftirmiddag og nutu sólarbliðunnar, einum sjó tímum eftir að lagt var í vegginn.

Fyrir okkur var þetta ein erfiðasta klettaklifurleið sem við höfum farið. Ef til vill er það mikilli ísingu að kenna, sem og kulda. Þrátt fyrir það var klifrið samfelld og fremur strembið og ákaflega laust í sér. Er mikill hluti hand- og fót festa á lausu bergi og leiðin því varasöm. Að okkar mati myndi hún gráðast TD+ED.



Fyrir fjallgöngu- og göngufólk eru skórnir mikilvægastir. Þess vegna völdum við KOFLACH gönguskó til að klífa hæsta fjall N.- og S.- Ameríku, Aconagua, 6.956 m.



Hermann Valsson

koflach leiðandi merki í gönguskóm.

Póstsendum

Vesturröst hf

Verð frá kr. 1330,-

**Laugavegi 178, R.,
sími 16770 — 84455**

Næsta skref

Nýlokið er seinni fjallaleiðangri Íslendinga á Aconcagua í Argentínu með góðum árangri. Hvað varðar undirbúning, þátttöku, framkvæmd og lokaárangur er rétt að staldra við og ihuga hvert næsta skref eigi að vera. Það er staðreynd að allt of langur tími hefur liðið á milli ferða þeirra fjórmenna á MacKinley í Alaska og ferðarinnar til Aconcagua. Við eigum að geta tekið þátt í allt að einni meiri háttar ferð árlega, þá annað hvort einir sér eða í samvinnu við aðra leiðangra.

Leiðangur á einhvern af 8000 m tindunum og þaðan af hærri þarf ekki að vera of kostnaðarsamur eða erfiður í framkvæmd. Nægir þar að minna á 1983 leiðangur Chile-manna. Þeir sendu aðeins 14 fjallgöngumenn í þann leiðangur. Leiðangurinn leigði sér síðan burðarmenn, þegar komið var á staðinn. Þetta sama gætum við hæglega gert. Það væri kannski óráðlegt fyrir okkur að eiga við Everest strax þar sem biðlistinn er mjög langur fyrir atlöguna, heldur ættum við að athuga með einhverja aðra 8000 m tinda, sem fyrr mætti leggja til atlögu við.

Ef þessi mál eru skoðuð ofan í kjölinn, þá getum við séð í hendi okkar að þetta er vel framkvæmanlegt. Það sem til þarf er stórhugur og þor.

Ég hef áður minnst á þær tvær ferðir sem við Íslendingar höfum áður tekið þátt í og öðlast mikla reynslu af. Sú reynsla og reynsla þeirra manna sem hafa árum saman stundað fjalla-

mennsku hérlandis nægir mjög langt og eflaust dugar hún alla leið til að framkvæma leiðangur af þessari stærðargræðu.

Útum allan heim eru einnig starfandi fyrirtæki og Alpaklubbar sem sérhæfa sig í ferðum sem þessum. Hjá þessum aðilum eigum við hæglega að geta fengið allar þær upplýsingar sem okkur vanhagar um.

Íslenskir fjallgöngumenn eiga mikilli velvild að mæta nánast alls staðar í heiminum og eigum við greiðan aðgang að þeim, hvað varðar upplýsingar og aðra þá hluti sem kynnu að koma að gagni. Upplýsingaöflun sem þessi ætti að vera og er starfsvettvangur fyrir ritara ÍSALP eða einhverja nefnd sem stjórn ÍSALP gæti stofnað.

Fjármögnun á ferð eins og þessari er auðvitað eitt af þeim verkefnum sem þarf að leysa. Það hefur sýnt sig að flugfargjöldin til og frá Íslandi hafa verið einn af þeim þröskuldum sem erfitt hefur reynst að komast yfir. Skilningur og fyrirgreiðsla hefur boðist frá flugfélögum þeim, sem héðan fljúga, í mismunandi magni þó. Þar gæti hálfur björninn unnist. Fargjöld, t. d. frá London til Indlands má fá á kr. 25 til 30 þúsund. En þar er að sjálfsögðu meira en bara fargjaldið sem þarf að kljúfa.

Það kom okkar á óvart sem förum til Argentínu hversu mörg fyrirtæki styrktu leiðangurinn og sýndu okkur ómælda vinsemd og velvilja. Með hliðsjón af því er það ljóst að við félagarnir

í ÍSALP njótum velvildar og gætum eflaust fengið aðstoð hjá fleiri fyrirtækjum og einstaklingum til að fjármagna ferð á 8000 m tind.

Þess ber að geta, að þetta er sama aðalverkefnið og hjá öllum leiðöngrum sem farnir eru út um allan heim. Þar skiptir engu máli hvert er farið, það er alltaf örðugleikum bundið að útvega fjármagn. En það tekst ef leiðangursmenn og hjálparlið er tilbúið að leggja á sig þá vinnu sem það útheimtir.

Ég tel að við eigum að stefna að því, að innan eins til tveggja ára sendum við leiðangur annað hvort einir sér eða í samvinnu við aðra, á einhvern af tindunum sem eru um eða yfir 8000 m. Við höfum öðlast þá reynslu sem til þarf, í

ferðum til Alpenna, Norðurlandanna, Suður- og Norður-Ameríku. Að ógleymdum stórum hópi framúrskarandi góðra fjallamanna, sem um áráraðir hafa ferðast um hálendi landsins að vetri sem sumri. Þessir menn hafa oft ferðast við skilyrði sem eru erfiðari en þau sem koma fyrir í ferðum á hæstu fjöllum heims. Margir þessara manna hafa allt til að bera sem þarf til að gera leiðangur sem þennan að raunveruleika.

Það sem til þarf er að við setjumst niður og ákveðum hvert við eigum að fara og hvenær. Vinnum síðan að því að láta drauminn rætast. Það er allt hægt, ef viljinn er fyrir hendi.

Hermann Valsson.

„Komdu og skoðaðu Kistuna . . .“

Það hefur lengi verið ætlun hjá okkur félögum, Palla og Brodda að reyna að skrönglast upp á Kistuna, sem er næsti höll við Hrauntanga í Öxnadal.

Nú og í sumar hétum við að verða af því. Fyrsta tilraun var gerð 14. ágúst. En ekki varð úr að þeirri tilraun yrði fylgt eftir, því þegar í Öxnadal kom var komið leiðinda veður, lágskýjað og rigning.

Ekki þýðir samt að gefast upp og um næstu helgi var reynt aftur. Og í bliðskaparveðri var aftur lagt af stað og vorum við félagar ólíkt hressari nú en helgina áður.

Þegar komið var í Öxnadalinn, var ekki eftir neinu að biða, heldur arkað af stað og látum ekki linnt fyrr en komið var að því að tryggja leiðina. En það er

u. þ. b. 60 m undir toppnum. Sú leið sem við förum, liggur eftir hrygg fyrir miðju Kistunnar. Og sýnist það vera nokkuð greiðfær leið, a. m. k. úr fjarlægð. En önnur er raunin, því fyrsti spölurinn sem er u. þ. b. 35 m tók okkur 2½ klst. Það sem eftir var, þ. e. síðari spönnin (25 m) var auðveldari þó mikill tími færi í það að tryggja.

Þegar upp var komið hófst mikil myndataka, ekki var samt mikil fjölbreytni í henni því plássíð var mjög lítið (1m x 50m).

Í klifrinu var tryggt með öllu tiltæku, fleigum, vinum, hnetum og slingum. Ekki nein vandræði með tryggingar heldur er mesta hættan á grjóthruni, þá aðallega frá þeim sem leiðir.

Endurreisn Bratta

Nú er senn risinn annar Bratti í Botns-súlum. Dagur þess fyrri urðu snöggt um færri en efni stóðu til í upphafi. Hins vegar væri það að bera í bakka-fullan lækinn að rekja hér þá sorgar-sögu, sem brottnám þess góða skála var. Þess í stað ætla ég að greina hér frá í örfáum orðum tilurð Bratta hins seinni, og hvernig staðið var að framkvæmdum.

Strax og Ísalp varð húsnaðislaus í Botnssúlum, var sest á rökstóla og rætt um hvernig best yrði staðið að endurreisnarstarfi í Súlndal. Fyrri aðferðin við skálabyggingu var sú að flytja skálann fullbúinn úr Reykjavík í áfangastað að vetrarlagi og á snjó. Sú aðferð er góð og gild, hinsvegar þótti sá valkostur að flytja efnið á byggingarstað og reisa skálann á grunninum heppilegri, þar sem tilkostnaður á flutningstækum yrði miklu minni og allt umstang fyrirferðarminna.


Allt byggingarefnið var lestað hjá Timburverslun Árna Jónssonar í byrjun október og rúmaðist það allt á Benz Unimog HSS-R og R-1005, Benz Unimog í einkaeigu. Nokkuð af efninu var til-sniðið og vélunnið og gluggar t. d. settir saman, þannig að glerið í gluggana fór í sömu ferð. Einnig voru sperrur til sag-aðar o. s. frv.

Ferðin uppeftir gekk áfallalaust, þó svo að hisja þyrfti efnið upp á bílana endrum og eins vegna þess að það vildi síga talsvert afturá í brattanum upp-eftir.

Áður en lengra er haldið er rétt að greina frá því hvernig Bratti var hugs-aður. Skálinn skyldi reistur á upphaf-legum grunni, sem yrði endurbættur og styrktur. Útlit hússins og stærð er í stórum dráttum: lengd 5,55 og breidd 3,60 klæðning að utan er skarklædd 1" x 6" og bárujárn á þaki. Að innan er hann klæddur með oregeon pine kross-viði, nema loftið sem er klætt ofan á sperrur með flettri furu 1 1/4 x 5.

Dyr eru á vesturgafli. Á austurgafli er gluggi, en norðurhlið er gluggalaus, þar rúmast tvær koju lengdir. Á suður-hlið eru tveir gluggar, annar í skála, hinn handan þils er myndar anddyri. Í suð-austur horni er koja, alls er gert ráð fyrir að húsið rúmi 12 manns.

Þessa fyrstu helgi, þegar efnið var flutt uppeftir, var undirstaðan treyst og húsgrindin reist að mestu leyti, alla-vega sást þó nokkuð húslag á því sem upp var komið. Næstu helgi á eftir, var lokið við að reisa grindina og skálinn klæddur að utan að 3/4 hlutum. Þakið var skarklætt og þakásur komið fyrir. Einnig var glerjað. Síðan leið ein helgi



Bratti. Ljós. GÓM.

án þess að nokkuð væri aðhafst í Súlndal, en fyrstu helgina í nóvember var endanlega gengið frá húsinu að utan. Bárujárnið var neglt á og lokið við að klæða að utan húsið og loks strengdir 2 vírar yfir þakið niður í öflug akkeri við húshlið. Þó svo að húsið væri ekki að öllu leiti þétt, var það þó vel búið undir átök vetrarins.

Þennan tíma, sem tók að reisa skálann var veður heldur óblítt. Strax í annarri ferðinni féll á okkur talsverður snjór og í þeirri síðustu gerði mikið frost, allt að -10°C og var um það bil 30–40 cm djúpur snjór fyrir ofan 500 m hæðarlínu.

Að sjálfsögðu var unnið myrkranna á milli og oft lengur við bygginguna og þá notast við þau ljós sem tiltæk voru. Og allir komu í bæinn örbreyttir. Það

er ljóst að Ísalp á í sínum röðum efni-legt og úræðagott fólk í skálasmíði. Með samstilltu átaki þessa fólks á Ísalp nú traustan og í nánustu framtíð, þægi-legan skála í Súlndal, hvort sem er til áningar eða næturgistingar.

Í sumar verður framkvæmdum framhaldið, þá við innréttingu skálans.

Guttormur Þórarinnsson.



Pósturinn

Hér er ein nýjung á ferð. Hér er tæki-færið, félagsmenn góðir, að koma því á framfæri sem þið teljið að eigi erindi til annarra félagsmanna. Skrifðið um það, sem ykkur liggur á hjarta og komið því til skila í félagsheimilið á Grensás-vegi 5 eða sendið til:

Íslenski Alpaklúbburinn
Pósturinn
Pósthólf 4186
124 Reykjavík.

Hr. ritstjóri.

Í blaði „okkar“ nr. 27, bls. 29, undir fyrirsögninni „Þeir fyrstu“ um birt nöfn þátttakenda á fyrsta fjallanám-skeiðinu 1939. Því miður er rangt farið með föðurnafn eins þátttakendans. Þ. e. aftari röð til hægri. Hann hét Guðmundur Sigmundsson f. 7. 7. 1902 á Seyðisfirði, d. nóv. 1955. Guðmundur var símvirki og loftskeytamaður, bæði til sjós og lands, og seinna innflytjandi siglingatækja. Hann ferðaðist alla tíð mikið bæði innanlands og utan og þá ekki síst á fjöllum. Sjá má í gömlum vegabréfum stimpla frá fjölda þjóða og heimsálfa. Hann lét sér ekki nægja að ferðast eingöngu til landanna heldur komst hann niður í tungu þeirra sumra þ. á. m. ítölsku og túlkaði fyrir flugkappa Balbo á sínum tíma. Til gamans má geta þess að ísexin sem Guðmundur heldur á, á myndinni er enn til og í minni eign. Nokkra aðra hluti eignaðist ég eftir hann t. d. forlata hæðarmæli sem nú er týndur og sakna ég hans sáran.

Jafnframt er í minni vörslu nokkuð af gömlum myndum úr fjallaferðum o. fl. ef einhvern skildi vanhaga um slíkt.

Virðingarfyllst,
Sigmundur K. Ríkarðsson.

Sveinstindur farinn 1936

Í fréttapistli í ÍSALP-ritinu nr. 27 (1984) segir að tveir félagar ÍSALP hafi „á skírdag klifið áður ófarinn tind, Sveinstind“.

Ef hér er um Sveinstind á austurbarmi Öræfajökulsöskjunnar (2044m) að ræða, voru þeir félagar ekki fyrstir þar upp.

Helgi, Hálf dán og Flosi Björnssynir frá Kvískerjum gengu á Sveinstind 9. ágúst 1936. Segir frá ferðinni í Jökli nr. 9 (1957). Þrátt fyrir nafnið er næsta víst að Sveinn Pálsson fór ekki þarna upp, heldur á lægri hnúk (1925 m), sem kallast Sveingnýpur, árið 1794.

Ari Trausti Guðmundsson

Ég þakka kærlega fyrir ábendinguna. En reyndin er sú, að hér er um að ræða meinlega villu, sem einhvernvegin slæddist inn. Í stað Sveinstinds átti að standa þarna Sveinshaus. Beðin er velvirðing á þessum mistökum.

Þorsteinn Guðjónsson

Styrktaraðilar

Bikarinn sf.

Skólavörðustíg 14, s. 24520 eða 17054

Múlakaffi

Hallarmúla, s. 37737

Teigabúðin

Kirkjuteig 19, s. 32655

Rafkraft hf.

Grensásvegi 5, s. 81750

Formprent

Hverfisgötu 78, s. 25960

Radíóbúðin

Skipholti 19, s. 29800

Pálmason og Valsson

Klapparstíg 16, s. 27745

Rakarastofan Dalbraut

Dalbraut 1, sími 86312

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Blacks
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier



Kastinger

SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af  Hjálparsveit Skáta Reykjavík